

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2002/EES/37/05

frá 29. september 2000

## um breytingu á ákvörðun 97/778/EB og til að uppfæra skrá um skoðunarstöðvar á landamærum sem eru viðurkenndar fyrir dýraheilbrigðiseftirlit(\*)

(tilkynnt með númeri C(2000) 2747)

(2000/622/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til bandalagsins frá þriðju löndum <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 6. gr.,Með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/496/EBE frá 15. júlí 1991 um setningu meginreglna um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits með dýrum sem eru flutt til bandalagsins frá þriðju löndum og breytingu á tilskipunum 89/662/EBE, 90/425/EBE og 90/675/EBE<sup>(2)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 96/43/EB <sup>(3)</sup>, einkum 4. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/778/EB <sup>(4)</sup>, eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 2000/501/EB <sup>(5)</sup>, er skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum sem eru viðurkenndar að því er varðar dýraheilbrigðiseftirlit með lifandi dýrum og dýraafurðum frá þriðju löndum.
- 2) Að beiðni lögbærra yfirvalda breska konungsríkisins og í kjölfar skoðunar á vegum bandalagsins ber að bæta skoðunarstöð á Prestwick-flugvelli við skrána.

- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

SAMPYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi færslu er bætt við skrána yfir skoðunarstöðvar á landamærum fyrir Breska konungsríkið í viðaukanum við ákvörðun 97/778/EB:

1	2	3	4	5
Prestwick	0731199	A		U, E

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 29. september 2000.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 260, 14.10.2000, bls. 51, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2001 frá 11. desember 2001 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 13, 7.3.2002, bls. 3.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 268, 24.9.1991, bls. 56.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 162, 1.7.1996, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 315, 19.11.1997, bls. 15.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 200, 8.8.2000, bls. 61.